



Sæti fagnað í Inkasso-deildinni.

## Meistaraflokkur kvenna komnar upp í Inkasso-deildina

Meistaraflokkur kvenna lauk keppni í 2. deild kvenna sunnudaginn 8. september en stelpurnar lentu í 2. sæti í deildinni og tryggðu sér þar með sæti í Inkasso-deildinni á næsta ári.

Taciana Da Silva Souza og Tinna Bjarkar Jónsdóttir (2) skoruðu mörk liðsins í lokaleiknum, en Grótta vann sannfærandi 3-0 sigur gegn Álfanesi. Það var metmæting á völlinn og frábær stemning í stúkunnni, sem gefur góðar vonir fyrir næsta sumar. Til hamingju stelpur!

Haga—  
vagninn

- Hofsvallagata 52 -



Í gamla Héðinhúsinu, Seljavegi 2

## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)

ÓKEYPIS  
GREIÐSLUMAT  
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA  
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka  
er endurgjaldslaust til ársloka

 Íslandsbanki

# Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

## Leiðari

### Bílhraein þurfa að fara

Umhverfisnefnd Seltjarnarness hefur tekið á sig rögg og hvatt bæjaryfirvöld til að láta fjarlægja ólöglega lagðar bifreiðar við Bygggarða og Norðurströnd. Slysahætta er af þessum ónýtu ökutækjum að ekki sé talað um þann sóðaskap og umhverfislýti sem af þeim hlýst.

Bílhrae hafa fengið að standa óáreitt í kringum bílaverkstæði sem enn eru starfandi í gömlum iðnaðarkjarna við Bygggarða. Svæði sem nú er verið að taka til íbúðabygginga. Þessi bílhrae og sóðaskapur sem líðst hefur við verkstæðisbyggingarnar á enga samleið með nýrri íbúðabyggð. Hann á heldur enga samleið með þeim umhverfissjónarmiðum sem einkenna byggð og mannlíf á Seltjarnarnesi.

Vonandi láta bæjaryfirvöld nú hendur standa fram úr ermum og láta fjarlægja þennan ófögnuð sem fengið hefur að vera allt of lengi.

### Niðurskurðarhnífurinn trúlega á loft

Enn er halli á rekstri Seljarnarnesbæjar. Stærsti útgjaldaliður eru fræðslumál eða 62,4% skatttekna. Til félagsþjónustu fara 18,5% skatttekna. Til saman gerir þetta 80,1%. Í frétt frá bæjarfélaginu kemur fram að hagræða þurfi á einhverjum vígstöðvum og eða skera niður þjónustu.

Hvergi er minnst á að auka þurfi tekjur. Niðurskurðarhnífurinn fer því trúlega á loft á næstunni.

## Flóttafólk frá Úganda til Seltjarnarness



Félags- og barnamálaráðherra undirritar samninga við Seltjarnarnesbæ og Garðabæ vegna móttöku flóttafólks. Frá vinstri: Daniel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri Samtakanna 78, Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar og Magnús Örn Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar Seltjarnarness.

Nýlega undirritaði Félagsmála- og barnamálaráðherra, samning um móttöku flóttamanna við Seltjarnarnesbæ og Garðabæ og einnig er gert ráð fyrir samningi við Mosfellsbæ. Seltjarnarnesbær mun taka við fimm flóttamönnum frá Úganda. Þetta er í fyrsta sinn sem Seltjarnarnesbær tekur á móti flóttafólki.

Undirbúningur hefur staðið yfir um nokkurra mánaða skeið í samvinnu við Rauða krossinn sem leiðir vinnuna. Í fréttatilkyningu frá Félagsmálaráðuneytinu kemur fram að í heild er um að ræða 25 einstaklinga sem eru staðsettir í Kenía en koma frá Úganda, Rúanda, Kongó, Súdan og Simbabve. Hópurinn kemur til landsins 12. september. Um er að ræða einstaklinga sem hafa þurft að flýja heimalönd sín vegna kynhneigðar og er þetta í þriðja sinn sem íslensk stjórnvöld taka á móti hinsegin flóttafólki. Mikil ánægja hefur verið á meðal móttökusveitarfélaga með góðan árangur af móttöku þess. Samkvæmt samningunum er greidd framfærsla og sérstakur stuðningur vegna skólagöngu, íslenskukennslu, samfélagsfræðsla og túlkajónustu svo dæmi séu nefnd.

## FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100  
Símar 562-1070, 896-4243  
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





VOTTADIR HÁGÆÐA



**VARAHLUTIR**

SÍÐAN 1962



# VARAHLUTIR OG BÍLAVÖRUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI


Rekstrar-  
vörur



Garða- og  
tómstundakerrur  
frá:  
**149.900 kr.**



Bón og  
hreinsivörur



**7 verslanir um land allt**

# Bilanaust

Á FULLRI FERÐ

Sími 535 9000

Skoðu vöruúrvalið á [www.bilanaust.is](http://www.bilanaust.is)

STÖRVERSLUN  
DVERGSHÖFÐA 2  
110 Reykjavík  
S. 535 9000

Vatnagördum 12  
104 Reykjavík  
S. 535 9000

Dalshrauni 17  
220 Hafnarfirði  
S. 555 4800

Hafnargötu 52  
230 Reykjanesbæ  
S. 421 7510

Hrísmýri 7  
800 Selfossi  
S. 482 4200

Furuvöllum 15  
600 Akureyri  
S. 535 9085

Sólvangi 5  
700 Egilsstöðum  
S. 471 1244

[www.bilanaust.is](http://www.bilanaust.is)



## Enn er halli á rekstrinum

Enn er halli á rekstri Seltjarnarnesbæjar. Þetta kemur fram í yfirlit yfir rekstur Seltjarnarnesbæjar birtur hefur verið á heimasíðu bæjarins. Rekstur bæjarins var talsvert undir áætlunum á fyrstu sex mánuðum ársins.

Skatttekjur námu 1.758 milljónum og voru 50 milljónum undir áætlun. Tveir málaflokkar skera sig úr hvað varðar útgjaldaaukningu líkt og í fyrra. Útgjöld til fræðslumála námu 1.097 milljónum eða 62,4% skatttekjum. Aukin útgjöld má að mestu rekja til átaks í leikskólumálum en nýr leikskóli, Fagrabrekka, var tekin í notkun. Útgjöld til félagsþjónustu námu tæpum 326 milljónum, eða 18,5% af skatttekjum. Eru útgjöld vegna málefna fatlaðra og barnaverndarmál orðin afar íþyngjandi fyrir bæinn. Unnið er að aðgerðum til að ná jafnvægi í fræðslumálum og félagsþjónustunni. Ljóst er að hagræða þarf á einhverjum vígstöðvum eða skera niður þjónustu. Rekstur annarra málaflokka er í jafnvægi. Staðgreiðsla útsvars hækkaði um 2,3% en athygli vekur að meðaltalshækkun sveitarfélaga er 6,1% og töluvert meiri í nágrennasveitarfélögunum.

### ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsdóttir



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • [www.utfarin.is](http://www.utfarin.is)  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

### ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242



## Hjúkrunarheimilið Seltjörn hefur starfsemi

- dagdvöl opnuð fyrsta október



Seltjörn hjúkrunarheimili, er nýtt hjúkrunarheimili, staðsett við Safnatróð á Seltjarnarnesi. Tekið var á móti fyrsta heimilisfólkinu 20. mars síðastliðinn og var hjúkrunarheimilið komið í fullan rekstur í byrjun júlí. Fyrsta október er fyrirhugað að opna dagdvöl með níu heimildum sem reiknað er með að fjölga í 25 frá næstu áramótum.

Húsið er allt hið glæsilegasta og er skipt í fjögur heimili hvert fyrir 10 heimilismenn, allt á einni hæð. Heimilið er hannað í anda Edenstefnunnar þar sem lögð er áhersla á sjálfræði hvers íbúa. Góð aðstaða er fyrir endurhæfingu, iðjuþjálfun og sjúkraböðun í húsinu. Eitt af því sem vekur jafnan athygli gesta sem skoða heimilið er göngustígur á þaki hússins en húsnæðið var hannað af Arkís-arkitektum.

Eins og gengur og gerist þegar hjúkrunarheimili hefur rekstur í nýju húsnæði eru ýmsar áskoranir sem þarf að takast á við. Má þar helst nefna nýráðningar og þjálfun starfsfólks. Þá voru ýmsir þættir varðandi húsnæðið sem þurfti að leysa úr. Þegar á heildina er litið er ekki hægt að segja annað en að þetta hafi allt tekist vel og á starfsfólk Seltjarnar og aðrir sem komu að opnun heimilisins miklar þakkir skildar fyrir þeirra framlag. Í framtíðinni á Seltjörn án efa eftir að vera framúrskarandi hjúkrunarheimili en einnig skemmtilegur og eftirsóknarverður vinnustaður.

Þeir sem hafa áhuga á að skoða heimilið er velkomið að líta við (helst á dagvinnutíma) og er þá heppilegt að gefa sig fram við deildarstjóra á vakt.

Nesfréttir [www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

...VERID VELKOMIN...  
KJÖTKOMPANÍ  
HFJ 101  
**GRANDI**  
ESTD Hágæða 2009  
— KJÖTVÖRUR —  
100% Co Grædi  
WWW.KJOTKOMPANI.IS

VERID VELKOMIN  
Kjötkompaní  
STOFNAD 2009

Grandagardi 29 • 101 Reykjavík | Dalshrauni 13 • Hafnarfirði  
[www.kjotkompani.is](http://www.kjotkompani.is) 578 9700 [kjotkompani@kjotkompani.is](mailto:kjotkompani@kjotkompani.is) [kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)



# BYKO

Einar málameistari tekur vel á móti þér á Grandanum

## GJØCO

**25% afsláttur**  
af allri Gjoco innimálningu

**HÚS OG HÍBYLI** Litur mánaðarins  
*Gullorá*

Það er ekkert mál að mála!

Vinnur þú  
**100.000 kr.**  
inneign í Hólf & Gólf?

Taktu mynd af rými sem þarfnast yfirhalningar, hvort sem um ræðir baðherbergi, stofu, eldhús eða annað. Settu myndina á Instagram og merktu #bykoheimili19

**Föstudaginn 27. september** verður heppinn vinningshafi tilkynntur. Að auki verða valdir aukavinningshafar sem fá 35.000 kr. inneign í Hólf & Gólf.

**Soffía Dögg Garðarsdóttir** hjá Skreytum hús og **Egill Ásbjarnarson** hjá Suitup verða gestadómarar og hægt er að fylgjast með leiknum á [www.skreytumhus.is](http://www.skreytumhus.is), á facebook síðu BYKO og Instagram.

#bykoheimili19

Frábært verð! Gerðu verðsamanburði  
Verð á lítra  
**875**

**Tilboðsverð**

**Interiør 10**

Lyktarlítill vatnspynnaleg akrýlinnimálning. Þekur vel og gefur slitsterkt yfirborð sem auðvelt er að þrifa. Notast á flest alla fleti innandyra t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu.

**7.871**

80602709

Almennt verð: 10.495



9L.

**OPIÐ**

VIRKA DAGA 8-18:30

LAUGARDAGA 10-18

SUNNUDAGA 11-17

[WWW.BYKO.IS](http://WWW.BYKO.IS)



**BYKO**  
**GRANDI**  
KOMDU Í HEIMSÓKN!

# Leiga fyrir félagslegar íbúðir hækkar um 45%

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar samþykkti í liðinni viku með fimm atkvæðum tillögu fjármálastjóra bæjarins um breytingar á húsaleigu félagslegra leiguíbúða. Breytingin tekur gildi þann 1. október næstkomandi.

Leigan mun hækka í áföngum á næstu sex mánuðum. Leiga á eins og tveggja herbergja íbúðum mun hækka fyrst í byrjun október og síðan aftur janúar á næsta ári. Leiga á þriggja og fjögurra herbergja íbúðum mun hækka í þremur áföngum, 1. október, 1. janúar á næsta ári og 1. mars. Alls mun leigan því hækka um 45%. Þegar þessar hækkningar verða komnar til framkvæmda verður leigan á eins herbergja íbúð 75.833 krónur. Leiga á tveggja herbergja íbúð 117.537 krónur, leiga á þriggja herbergja 148.375 og fjögurra herbergja á 173.625 þúsund. Tæplega 20 félagslegar íbúðir eru á Seltjarnarnesi eða um fjórar félagslegar íbúðir á hverja þúsund íbúa.

## Samið við Grant Thornton

Fimm tilboð bárið í endurskoðun fyrir Seltjarnarnesbæ. Þau eru frá PWC kr. 7.936.000.-, KPMG kr. 6.944.000.-, Enor kr. 6.710.672.-, Deloitte kr. 4.402.000.- og Grant Thornton kr. 4.278.000.-

Bæjarráð hefur samþykkt að taka tilboði Grant Thornton með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og falið fjármálastjóra afgreiðslu málsins.

# "Hugsjónir rætast, þá mun aftur morgna"

- Hugleiðingar vegna nýja  
hjúkrunarheimilisins

Ég sat með konunni minni við dánarbeds hugljúfrar tengdamóður minnar. Staðurinn var elliheimili sem á þeim var vægast til lítills sóma. Þar við dánarbedið setti undirritaður sér ákveðið markmið.

Stuttu fyrir hafði Seltjarnarnes fengið kaupstaðarréttindi og ég hlotið kosningu í fyrstu bæjarstjórn okkar góða samfélags. Þetta var árið 1974.

Heitið sem ég hafði getið sjálfum mér var, að bærinn kæmi á stofn fullkomnu fyrsta flokks hjúkrunarheimili fyrir aldraða.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar lagði ég fram tillögu um að farið yrði að huga að byggingu hjúkrunarheimilis. Tillagan var samþykkt af félögum mínum. Þeir hins vegar komu til mín eftir að fundi lauk og sögðu með kímniplampa í augum.: "Hvað ert þú ungur maðurinn að láta okkur samþykkja tillögu um elliheimili í bæjarfélagi þar sem langflestir íbúa eru kornungt fólk!"

Undirritaður sagði fátt en hugsaði sitt.

Árin liðu. Þar kom áratugum eftir að ég hætti afskiptum af bæjarmálum að nefnd var skipuð, ætlað að velja komandi hjúkrunarheimili stað. Nefndin ákvað að hjúkrunarheimili yrði fundinn staður suðvestan kirkjunnar okkar.

Þá fór allt í baklás. Sóknarnefnd kirkjunnar lýsti yfir mikilli óánægju varðandi fyrirhugaða staðsetningu. Mikill félagi minn sem sat í sóknarnefnd skrifaði í Morgunblaðið harðorð mótmæli. Nú voru góð ráð dýr.

Þótt áratugir væru liðnir frá setu minni í bæjarstjórn, lagði ég á mig að eiga fundi með bæjarfulltrúum og einnig sóknarnefndarmönnum. Lagði ég til að svæðið þar sem okkar stórglæsilega nýja hjúkrunarheimili er nú risið yrði staðsetningin.

Allir voru sammála um þessa staðsetningu, bæjarfulltrúar og sóknarnefndarfólk. Heitstrenging sem undirritaður hafði gefið sjálfum sér nær hálfri öld fyrr varð að veruleika! Fyrstu skóflustunguna tók ég ásamt nokkrum öðrum Seltirningum svo og tveimur ráðherrum.

Áliti einhverjir þessi skrif sem hreint karlagrobb, samþykki ég það með bljúgri lund!

"Hugsjónir rætast, þá mun aftur morgna."

Magnús Erlendsson, höfundur var í tvo áratugi í bæjarstjórn, þar af forseti bæjarstjórnar samfleytt í 10 ár.



Magnús  
Erlendsson.



ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!

[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070



Finndu okkur á  
Facebook

## BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

# RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)



# Kæri nágranni - við þjónum þínu hverfi

Fáðu aðstoð fagmanna okkar við dekkjaskipti og ráðgjöf við val á nýjum dekkjum.



**GS1 - 5**



**G3S - ICE**



**Snowprox S 953**



**Óneglanleg - fólksbílar og jepplingar/jeppar**  
Toyo harðskeljadekk eru einstök við íslenskar aðstæður.

**Neglanleg - fólksbílar og jepplingar/jeppar**  
Byltingakennd nýjung frá Toyo. Neglanlegt harðskeljadekk.

**Óneglanleg - fólksbílar og jepplingar**  
Vetrardekk sem býður uppá mjög gott grip, frábæra akstursegginleika og þægindi í akstri.



**Winter Ice Zero**



**Cinturato Winter**



**Scorpion Winter**



**Negld - fólksbílar og jepplingar**  
Sérhönnuð nagladekk fyrir akstur við erfiðustu vetraraðstæður, glæra hálfu og ísingu.

**Óneglanleg - fólksbílar og jepplingar**  
Hönnuð fyrir ískalda og hála vetrarvegi með öryggi og frábæra akstursegginleika í fyrirrúmi.

**Óneglanleg - jepplingar/jeppar**  
Sérstaklega hannað óneglanlegt vetrardekk fyrir jeppa og jepplinga.



**G-force Stud**



**G-force Winter 2**



**A/T KO2**



**Negld - fólksbílar og jepplingar**  
Tryggja fullkomna akstursegginleika við allar aðstæður og veðurskilyrði.

**Óneglanleg - fólksbílar og jepplingar**  
Frábær vetrardekk án nagla og um leið eitt hentugasta heilsársdekkjö á markaðnum.

**Fyrir jeppa**  
Áratugalöng reynsla erlendis og á Íslandi. Dekk sem er hægt að nota árið um kring.



**M/T KM2**



**M/T KM3**



**Arctic NP3 / NS3**



**Fyrir jeppa**  
Öflug og endingargóð með munsturkubbum sem ná út yfir axlarsvæði og niður á hliðar.

**Fyrir jeppa**  
Nýjung frá einum þekktasta framleiðanda í heimi. Öflug dekk til heilsársnotkunar.

**Negld - fólksbílar og jepplingar**  
Grípa einstaklega vel á ís og hreinsa sig vel í vetrarfærðinni. Góð dekk á mjög góðu verði.



**Presa Spike**



**Winter Claw MX**



**Wintersafe**



**Negld - sendibílar**  
Gríðalega sterk og áreiðanleg dekk með hörku vetrarmunstri.

**Neglanleg - fólksbílar og jepplingar**  
Örugg og ódýr vetrardekk. Mikill fjöldi flípa tryggja frábært grip á hálum vetrarvegum.

**Óneglanleg - fólksbílar**  
Hannað með nútíma flípamunstri sem tryggja gott grip í snjó og á hálum vegum.

# Ég er alltaf til í að leggja menningunni á Seltjarnarnesi lið

**S**ólveig Pálsdóttir rithöfundur er bæjarlistamaður Seltjarnarness 2019. Þetta er í 23. sinn sem bæjarlistamaður Seltjarnarness er útnefndur en í fyrsta skipti sem að rithöfundur hlýtur þennan heiður. Sólveig er fjölhæf á sviði lista, skapandi greina og miðlunar. Hún er menntuð leikkona og starfaði sem slík auk þess að vera dagskrárgerðarmaður hjá RÚV á árunum 1982 til 1990. Á árinu 1996 lauk Sólveig námi í almennri bókmenntafræði og námi til kennsluréttinda frá Háskóla Íslands. Hún hefur starfað sem íslensku- tjáningar- og leiklistar-kennari auk þess sem hún hefur haldið fjölda námskeiða fyrir einstaklinga og stjórnendur. Frá árinu 2013 hefur Sólveig starfað sem rithöfundur. Þegar hafa komið út eftir hana fjórar glæpasögur sem allar hafa hlötið góða dóma og hefur Sólveig nú nýlokið við sína fimmtu bók, *Fjötrar*, sem kemur út seinni hluta október. Fyrsta skáldsagan hennar, *Leikarinn* kom út árið 2012, *Hinir réttlátu* kom út árið 2013, *Flekkláus* árið 2015 og *Refurinn* árið 2017. Nesfréttir spjölludu við Sólveigu á dögnum.

Beint lá við að spyrja hana af hverju hún hafi ákveðið að snúa sér alfarið að ritstörfum fimmtug að aldri. “Það er von að spurt sé. Ég var í góðu starfi sem kennari og lifði innihaldsríku og góðu lífi. Börnin voru orðin eldri og þá gafst meiri tími til að líta eftir nýjum viðfangsefnum. Ég hef alltaf haft ríka sköpunarþörf og fann að ég hafði vannært hana um tíma.” Sólveig kveðst alltaf hafa haft ánægju af að skrifa texta og lesið mikið. “Ég var ein af þessum sem hafði gaman af að skrifa ritgerðir í skóla. Ég er líka menntaður leikari. Hef lesið mikið upp og þessi leiklistargrunnur hefur orðið til þess að ég er góð í spuna. Hluti af ritstörfunum er að impróvisera. Byggja utan um þær hugmyndir sem verið er að fjalla um. Ég fór á sínum tíma á námskeið í skapandi skrifum hjá Þorvaldi Þorsteinssyni. Þar skrifaði ég uppkast að kafla og lagði drög að fyrstu bókinni minni.”

## By spennuna til innra með mér

En af hverju valdi Sólveig

spennusöguna sem viðfangsefni. “Í fyrstu var ég ekki með spennusögu í huga. Þegar persónurnar voru að mótast í huga mínum var ég fremur að vinna með vandræðaleg samskipti fólks á fertugsaldri og leika mér með margræða undirtexta. Ég lagði þessi skrif síðan til hliðar og leit ekki á þau fyrr en mörgum mánuðum seinna. Þá sá ég að ég hafði þarna drög að einhverju sem gæti orðið barn í brók og ákvað að byggja utan um þessi skrif. Prufa mig áfram og sjá hvernig þetta þróaðist. Og þá tók spennusagan að verða til.” Sólveig kveðst hafa fundið fljótt að spennan ætti vel við sig. “Ég hef, að ég held, alltaf verið frekar varkár manneskja. Ég er ekki sú sem vil klífa hæstu tindu eða henda mér úr flugvél í fallhlíf. Ég hef aldrei haft þörf fyrir spennu af því tagi. Ég bý til spennuna þegar ég skrifa textann. Það kemur adrenalíninu af stað hjá mér. Þannig fæ ég mitt adrenainkikk. Ég get tekið andlega áhættu en sú líkamlega hentar mér síður.”

## Persónurnar koma til mín þegar ég fer að vinna

Sólveig segir að viðtökurnar við fyrstu bókinni hafi hvatt sig til þess að halda áfram. “Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á mannlegu eðli. Ég geri mér far um að kynnast fólki – kynnast ólíkum persónum með mismunandi bakgrunn. Reyni að skilja þær. Ég les viðtöl við fólk og ævisögur og hlusta mikið á viðtalsþætti og podcöst. Ég held að ef ég hefði ekki valið mér þau störf sem ég hef sinnt hefði ég valið sálfræðina og ég les oft faggreinar á því sviði. Í glæpasögunni gefast góð tækifæri að vinna með venjulegt fólk sem vegna einhverra aðstæðna hefur verið ýtt að bjargbrúninni. Það er að segja, í óeiginlegri merkingu, og þá verða tilfinningarnar stærri. Þannig má kafa í margbreytileika hins mannlega.” Sólveig segist skrifa um venjulegt fólk, manninn eða konuna sem gæti þess vegna búið í næsta húsi við lesandann. „Mínar sögur gerast ekki í heimi glæpahringja eða alþjóðlegu glæpaumhverfi. Sögupersónurnar koma til mín þegar ég fer að vinna með efnið. Þær koma fyrst og ég sé þær ljóslifandi fyrir mér og átta mig á helstu persónueinkennum þeirra. Síðan fer ég að byggja fléttuna upp og þá plottið.“



Sólveig Pálsdóttir.

## Glæpasagan tók yfir

Sólveig var beðin um að nefna dæmi um persónur sem komið hafa til hennar við sagnagerðina. Ólíkar persónur úr mismunandi umhverfi sem síðan blandast saman á síðum bókanna. „Í Refnum, síðustu bókinni minni var það ung kona, Sajee ættuð frá Siri Lanka, sem kom fyrst til mín og það gerðist þegar ég var stödd við Eystrahorn í Lóni í Hornafirði sem varð að helsta söguviði bókarnnar og kallast þar Bröttuskriður. Í nýju bókinni minni *Fjötrar* voru það tvær persónur sem yfirtóku huga minn í byrjun. Annars vegar var það myndlistarkonan Kristín Kjarr, sem kom fyrir á hálfri blaðsíðu í Refnum og hins vegar samfélagsmiðlastjarnan Andrea Eyþórsdóttir. Ég lagðist í mikla rannsóknarvinnu til að skoða þennan nýja heim sem samfélagsmiðlar eru. Í sögunni tengist

hann mannshvarfi frá aldamótaárinu 2000 – þjóðhátíðardeginum það ár þegar Suðurlandsskjálftinn reið yfir.“ Sólveig segist vinna rannsóknarvinnu fyrir allar sínar bækur og leggja mikið upp úr að leita ráða hjá fagaðilum. „Ég leita ráða hjá fagfólki og ræði líka við fólk á öllum aldri. Jafnt yngra fólk sem eldra til þess að fá breiðan bakgrunn. En þó ég reyni að hafa hlutina rétta þá geta orðið árekstrar á milli staðreynda og skáldskapar. Ef það gerist á skáldskapurinn alltaf vinninginn því ég skrifa skáldskap ekki skýrslur. Áður en ég hóf að skrifa *Fjötra*, nýju bókina mína, hafði ég hugsað mér að skrifa öðruvísi bók en glæpasögu. Ég var komin með ýmsar hugmyndir sem ég ætlaði að þróa áfram en það sem gerðist var að glæpasagan tók yfir. Ég hellti mér í hana og það var mjög gaman að skrifa hana.“



## Nýjar hugmyndir enda trúlega í bók

En hvað er í pennisnum hjá Sólveigu núna. „Ég er að fylgja þessari bók úr hlaði. Núna er verið að vinna bókarkápuna og það er alltaf skemmtilegt ferli. Þegar ný bók kemur út skiptir kápan miklu máli. Hún er andlitið sem fyrst snýr að væntanlegum lesanda og er ætlað að vekja áhuga hans á innihaldinu. Allskyns hlutir verða að falla saman. En ég er með ýmsar hugmyndir um nýtt efni og hvað verður ofan á fer algjörlega eftir innsæinu. Ég hef með árunum lært að það borgar sig að treysta því. Ég hef lítið verið í fortíðinni í bókum mínum en dvalið meira við nútíðina og framtíðina sem ég hef mikinn áhuga á. En mig langar til að vinna efni úr eða í tengslum við 150 ára gamla sögu sem tengist mér meira að segja persónulega og svo eru fyrstu hugmyndir að spennusögu að byrja að skjóta rótum í huga mér. Ég er ekki komin svo langt að geta sagt til um hvar þessar hugmyndir sem ég er að þróa enda. En trúlega enda þær í bók.“

## Gott að vinna í bókasafninu

Sólveig segir að fjölbreytt starfsreynsla auk þess að hafa lagt sig fram um að kynna ólíkum

kimum samfélagsins hafi hjálpað sér við skrifin. „Hver einasta mannsekja hefur eitthvað áhugavert fram að færa og oftast eitthvað sem læra má af. Þessi fjölbreytileiki hjálpar manni að skilja mannlífið betur. Ég er ekki einrænn rithöfundur að þessu leyti. Það væri skrítið ef jafn félagslynd manneskja og ég er gæti lokað sig af við skriftir án sambands við mann og annan. Mér finnst ég hafa náð þessu jafnvægi. Ég er félagslega virk með opin augu en get líka auðveldlega lokað mig af og þegar ég þarf á því að halda. Stundum er gott að vinna alveg í einrúmi með enga utanaðkomandi truflun og stundum er líka gott að vinna innan um fólk. Til dæmis hér á Bókasafni Seltjarnarness. Ég skrifaði talsverðan hluta Refsins hérna á safninu. Hér er hæfileg umgengni og ákaflega gott andrúmsloft. Eftir að hafa verið þar tíma og tíma vildi ég sjá fleiri Seltirninga nýta sér þessa aðstöðu.“

## Einar dyr lokast en aðrar opnast

Sólveig snýr sér að lesendum. Hún segir fátt gleðja sig meira en ánægðir lesendur. „Mér finnst þessi tími frá því að ég byrjaði að skrifa hafa verið ævintýralegur. Það hefur svo margt gerst sem mig óraði ekki

fyrir að yrði að veruleika. Hefði einhver sagt mér þegar ég var um tvítugt að þetta ætti eftir að gerast hefði ég sagt það vera hreint bull. Bókaskrifin hafa gefið mér margt. Ég hef kynnst fjölda fólks bæði hér heima og erlendis sem ég hefði trúlega aldrei hitt hefði ég ekki farið út í að gerast rithöfundur. Fólk sem hefur opnað fyrir mér nýja heima. Ég hef líka lært það í gegnum lífið að þegar dyr lokast þá opnast aðrar dyr og stundum bæði áhugaverðari og betri. Maður getur bæði lokað dyrum sjálfur eða þær lokast af öðrum ástæðum. Aðalatriðið er að standa með sjálfum sér.“

## Fer til allra staða sem koma við sögu

Sólveig kveðst hafa ferðast mikið í tengslum við ritstörf. „Ég hef farið til nær allra staða sem koma við sögu í bókunum. Mér finnst ég þurfa að koma á staðina. Skynja þá. Finna andrúmsloftið. Það veitir manni sýn og gefur mér innblástur. Eins er með persónurnar þegar ég er að skapa þær. Ég bý stundum til eina persónu úr mörgum. Tek eitthvað frá smávægis frá mörgum, bæti í og set saman í eina. Þarna kemur leiklistin líka til sögunnar. Hún hjálpar mér. Ég verð að geta sett mig inn í sálarlíf

þeirra rétt eins og þegar maður túlkar persónu á leiksviði. Á meðan ég er að skrifa verð ég að geta farið inn í hugarheim fólksins sem ég er að skapa. Hvernig svo sem hann er. Þótt ritverk sé á vissan hátt óaðskiljanlegur hluti af höfundinum þá lít ég á þetta eins og hlutverk í leikhúsi og held mínu privatlífi fyrir utan. Ég er eðlilega ekki alltaf sátta við gjörðir þeirra persóna sem ég skapa í bókunum mínum og stundum er mér alls ekki vel við þær. En ég verð að geta skilið hugarheim þeirra á meðan ég er að skrifa.“

## Lestur er undirstaða

Sólveig hefur alltaf verið bókaunnandi og lestrarhestur. Kveðst gjarnan vilja koma því að að hún hafi lesið mikið allt frá æsku. „Svo kenndi ég líka íslensku í 17 ár. Hún segir lestur undirstöðu alls náms. „Hann er líka undirstaða lýðræðisins. Sá sem les aðeins fyrirsagnir en getur ekki lesið texta sér til gagns eða kynnt sér málin með heilbrigðri gagnrýnni hugsun á erfitt með að mynda sér skoðun á upplýstum forsendum. Ef fólk hættir að lesa og hættir að fylgjast með er leiðin greið fyrir popúlusta að ná völdum.“ Sólveig segir margar aðferðir til þess að fá börn og ungmenni til að lesa og

www.n1.is facebook.com/enneinn

Pantaðu tíma fyrir dekkjaskiptin á n1.is



### Michelin X-ICE

Hljóðlát, naglalaus vetrardekk  
Ný APS gúmmiblanda tryggir  
gott grip í kulda  
Frábærir akstursegginleikar



### Michelin X-ICE NORTH 4

Besta hemlun á ís, hvort sem dekkinn  
eru ný eða ekin 10.000 km  
Betri akstursegginleikar m.v.  
helstu samkeppnisaðila  
Hámarks grip með sérhönnuðu  
mynstri fyrir hverja stærð  
Einstök ending



### Michelin Alpin 6

Nýr mynsturskurður sem opnast  
eftir því sem dekkið slitnar  
Heldur eiginleikum sínum út líftíman  
Lagskipt gúmmiblanda sem veitir  
hámarks grip



Öruggt frá fyrsta til síðasta kílómetra

Notaðu  
N1 kortið

## Hjólbarðapjónusta N1

Bíldshöfða 440-1318  
Fellsmúla 440-1322  
Réttarhálsi 440-1326  
Ægisíðu 440-1320

Langatanga Mosfellsbæ 440-1378  
Reykjavíkurvegi Hafnarfirði 440-1374  
Grænásbraut Reykjanesbæ 440-1372  
Dalbraut Akranesi 440-1394  
Réttarhvammi Akureyri 440-1433

Opið  
mán – fös kl. 08-18  
laugardaga kl. 09-13

Alltaf til staðar

N1

að ná þannig góðum tökum á lestri. „Það er mikilvægt að rétta að þeim bækur sem þau hafa gaman af að lesa. Þjóða þeim áhugaverðar bækur og helst eitthvað sem þau tengja við. Ræða efni bókanna á lifandi og hugmyndaríkan hátt. Nota tækifærið til að auka þekkingu og skilning nemendanna á heiminum sem við lifum í en ekki skylda nemendur til

að hraðlesa til þess eins að svara andlausum staðreyndaspurningum á prófum. Þegar ég var að skrifa Refinn fléttaði ég saman ólíkum menningarheimum, þannig að bókin gefur tilefni til að ræða t.d. menningarläsi og innflytjendamál. Þau brenna á mörgum. Í nýju bókinni er ég að fjalla um samfélagsmiðlana og þöggun. Þöggun er sterkt þema

í glæpasögunni. Það eru ekki bara persónurnar sem brenna á mér heldur málefnið. Ég hef alltaf eitthvað fram að færa í hverri bók. En ég vil leyfa fólki – lesendunum sjálfum að draga sínar ályktanir. Ekki klína einhverju á fólk. Því á að vera í sjálfvald sett hvort eða hvernig það les úr því sem ég skrifa. Ég flutti ræðu þegar ég var útnefndur

þæjarlistamaður. Þar talaði ég um hæfileikann að lesa og að við megum ekki glata honum. Mér finnst yndislegt að fá pósta frá ungu fólki sem hefur lesið bækurnar mínar og kveðst hafa gleymt sér í textanum. Þá tekur kennarinn og rithöfundurinn í huga mínum hástökk af gleði.”

**Ég er alltaf til í að leggja menningunni á Seltjarnarnes lið**

“Þú spyrð hvað ég ætla að gera á árinu mínu sem þæjarlistamaður. Ég hef síðan ég flutti á Nesið 1995 reynt að leggja mitt af mörkum í þæjarfélaginu. En núna í ár hef ég heimsótt flest félagasamtökin hér og svo var ég fjallkona á 17. júní. Reyndar í annað skiptið á Nesinu en hitt var 1996. Alls hef ég verið fjallkona í þrjú skipti en hið fyrsta var í Reykjavík 1985. Þá var ég ung leikkona. Og ég hef alltaf klæðst sama búningnum, skautbúningi Dóru Þórhallsdóttur ömmu minnar. Svo verð ég á rithöfundakvöldi á bókasafninu 5. nóvember og svo sjáum við bara til. Ég er alltaf til í að leggja menningunni á Seltjarnarnes lið.”



**Óskað er eftir góðu og áhugasömu starfsfólki í aðhlyningu**

Ert þú jákvæður umhyggjusamur einstaklingur sem ert tilbúin að vinna með okkur. Þá vantar okkur einstakling eins og þig í aðhlyningu og umönnun aldraðra íbúa á Seltjörn hjúkrunarheimili að Safnartröð 3, Seltjarnarnesi.

Um er að ræða vaktavinnu, með allt að 80% starfshlutfalli.

Sótt er um á heimasíðu Sunnuhlíðar [sunnuhlid.is](http://sunnuhlid.is) Vinsamlegast setjið Nes-fyrir framan starfið sem sótt er um.

Gerð er krafa um að viðkomandi tali og skilji íslensku.

**GÓÐ ÞJÓNUSTA á Eiðistorgi**





# Að skynja hvað er handan heimsins gluggatjöld

Hreppsnefnd Seltjarnarness situr á rökstólum á fyrstu áratugum 20. aldar og tekst á um hvort Seltirningar eigi að verða aðnjótandi ýmissa lífsgæða sem nágrannar þeirra í Reykjavík hafa fengið s.s. rafmagns, síma, vatnsveitu, fráveitu og almenningssamgangna. Bæjarstjórn Reykjavíkur hafði að þeirra mati líka verið stórhuga þegar hún tók lán árið 1876 til að kaupa steinolíudrífing götulljósaker í óþökk bæjarbúa sem töldu það hneyksli að vilja lýsa fyllibyttum og þjófum til vegar. En ljósaperan var svo fundin upp þremur árum síðar, sem gerði steinolíukerinn úrelt. Árið 1888 voru bæjarfulltrúar í Reykjavík hinsvegar langt í frá reiðubúnir að samþykkja byltingarkennt tilboð í raflysingu og gufuvél til framleiðslu rafmagns. Biðu Reykvíkingar því til ársins 1921 eftir tengingu rafmagns í íbúarhús sín.

Nú á öðrum áratugi 21. aldar situr bæjarstjórn Seltjarnarness á rökstólum. Meirihlutinn er klofinn í afstöðu sinni til Borgarlínu. Hún kostar sitt! Er ekki stóra verkefnið að bæta leiðarkerfi Strætó og forgangsreinar til að liðka fyrir umferð? Berjast gegn aðförinni að einkabílnum með andstöðu við þrengingu Birkimels, lækkun hámarkshraða á Hringbraut eða lengd stöðvunartíma á ljósum á Geirsgötu?

## Endastöð óbreyttar samgöngustefnu

Umferðin á höfuðborgarsvæðinu jókst um 4,8% fyrstu fimm mánuði ársins 2019 og hefur aldrei verið meiri. Mannfjöldaspár gera ráð fyrir að fram til ársins 2040 muni íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölga um allt að 70 þúsund og einkabílnum allt að 45 þúsund. Þegar litið er til þróun umferðar má gera ráð fyrir að miðað við óbreytta áherslu á einkabílinn í innviðafjárfestingum, aukist aksturstrími um 64%, eknar vegalengdir um 54% og umferðatafir um 78%. Til að mæta aukinni umferð munu umferðamannvirki taka til sín enn meira borgarland, en þegar fer um 80% af öllum opnum rýmum undir slík mannvirki og helgunarsvæði þeirra, að útivistarsvæðum undanskildum.

Áætlaðar lykilstærðir í fjárfestingum fyrir óbreytta stefnu fram til ársins 2040 eru 250 milljarðar í innri götur og stofnvegakerfi. Hvernig sem á málið er litið, þá er stórra fjárfestinga þörf til að mæta þróun og vexti. Fólksfjölgun verður hinsvegar að mæta án þess að álag á stofnvegakerfið aukist í sama hlutfalli. Aðgerðir í samgöngumálum þurfa að mynda heildstætt marglaga kerfi innan þéttbýlis höfuðborgarsvæðisins, samofið net mismunandi samgöngumáta sem örvar fjölbreyttar ferðavenjur. Markmiðið verður að vera sjálfbært og kolefnishlutlaust samfélag. Inn í þetta kerfi þarf Seltjarnarnes að hugsa sína framtíð.

## Að rýna fyrirmyndir til framtíðar

Vinna við fyrsta áfanga Borgarlínu, hágæðakerfi almennasamgangna, er nú hafin en samhliða hefst vinna við nýtt leiðanet Strætó sem tengjast mun Borgarlínu. Í nágrennasveitarfélaginu Reykjavík hefur til viðbótar verið samþykkt að fækka bensínstöðvum um helming á næstu 6 árum, fjölga rafhleðslustæðum á götum úti og hefja undirbúning að því að auðvelda

**PC og Apple**  
tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

 **TÖLVULAND**

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík  
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

uppsetningu hleðslustöðva í fjölbýlishúsum.

Þá er nýsamþykkt í Reykjavík að hefja skuli útboð til að fjölga hjólastígum en mælingar hafa leitt í ljós að með öflugri uppbyggingu hjólastígakerfis, fjölgi þeim sem kjósa að nota hjól sem samgöngukost. Með sömu rökum hefur verið tekin ákvörðun að leggja áherslu á gangandi umferð í miðborg Reykjavíkur og gera Laugarveg, Bankastræti og hluta af Kvosinni að göngugötum allt árið. Fyrir utan jákvæð áhrif á mannlíf eru göngugötur öflug leið til að minnka útblástur í miðborginni og auka loftgæði.

Verklagsreglur um stöðvalausa rafhlaupahjólaleigu voru samþykktar í byrjun júlí í Reykjavík en hjólin hafa notið vinsælda í borgum erlendis sem umhverfisvænn kostur til að fara styttri leiðir. Þrjár aðilar hafa nú óskað eftir því að starfrækja slíka leigu. Einnig hafa verið samþykktar verklagsreglur um deilibíla en sýnt hefur verið fram á að einn deilibíll geti komið í stað 20 einkabíla í borgarlandinu með tilheyrandi hagkvæmni, bættri landnotkun og minni mengun. Ein deilibílaþjónusta er núna starfandi í Reykjavík með 12 deilibíla.



**Karen María Jónsdóttir.**

## Samfylkingin til forystu

Sú heimsmynd sem blasir við kallar á við tókum stærri og djarfari skref en áður til að tryggja sjálfbær lífsgæði til framtíðar. Vöxtur höfuðborgarsvæðisins kallar á breytta nálgun í skipulagi samgangna og fjárfestingu sem miðar ekki einungis að bættu umferðafæði heldur hagkvæmri nýtingu lands og auðlinda, bættum umhverfisgæðum og lýðheilsu, vistvænum samgöngum og verndun náttúru.

*Karen María Jónsdóttir skipar 4. sætið á lista Samfylkingar Seltíminga.*

## Selkórinn leitar að nýjum kórfélögum!

Selkórinn var stofnaður árið 1968 af konum í kvenfélaginu Seltjörn á Seltjarnarnesi, en hefur frá árinu 1976 starfað sem blandaður kór. Núverandi kórfélagar koma víða að og er þátttaka ekki bundin við búsetu á Seltjarnarnesi.

Kórinn æfir á miðvikudagskvöldum og annan hvern laugardag, heldur tónleika í desember og maí ár hvert, fer í kórferðalög innanlands sem utan, æfingabúðir og fleira og fleira. Æfingar eru í húsnæði Tónlistarskólans á Seltjarnarnesi og fyrsta æfing haustsins verður miðvikudaginn 11. september kl. 19:30.

Áhugasamir söngunnendur eru velkomnir á æfinguna til að spreyta sig og kynna kórfélögum. Við tókum vel á móti nýjum kórfélögum, okkur vantar sérstaklega raddir í sópran, tenór og bassa.

Stjórnandi Selkórsins er Oliver Kentish.



Upplýsingar gefur Arndís í síma 860 8105

## FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17  
alla virka daga

**Verið velkomin**

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

### Dagskrá og vöflur

Árlegt vöflukaffi og kynningarfundur var haldinn í Félagsheimili Seltjarnarnes fimmtudaginn 29. ágúst sl. Þar sem dagskrá haust og vetrarstarfs eldri borgara á Seltjarnarnesi var kynnt. Fundurinn var mjög vel sóttur og margir skráðu sig á námskeiðin sem í boði eru og í ferðirnar og aðra viðburði sem framundan eru.

### Grasagarður og Fígaró

Þriðjudaginn 3. september var farið í Grasagarðinn í Laugardal. Garðurinn skartaði sínu fegursta í haustblíðunni og nutum við leiðsagnar umsjónarmanns. Eftir skoðunarferðina var farið í Café Flóru þar sem Marenza Poulsen tók á móti gestunum með kaffi og eplaköku. Næsti viðburður er ferð í Þjóðleikhúsið föstudaginn 20. september á óperuna Brúðkaup Fígarós. Þeir miðar sem fengust seldust upp ásamt viðbótarmiðum og fengu því færri en vildu.

### Haustfagnaður

Fimmtudaginn 26. september verður haustfagnaður í salnum á

Skólbrautinni kl. 18.00. Þá ætlum við að njóta samveru, hlusta á tónlist, syngja og dansa. Veigar og veitingar.

### Kjarvalstaðir og kaffi

Þriðjudaginn 1. október kl. 13.30 verður farið á Kjarvalsstaði. Skoðum þar myndlist Jóhannesar S. Kjarval, Sölva Helgasonar og William Morris. Kaffi á eftir. Skráningarblöð vegna haustfagnaðar og ferðarinnar á Kjarvalstaði liggja frammi á Skólbraut og í Eiðismýri. Einnig má skrá sig og fá allar upplýsingar hjá Kristínu í síma 893 9800.

Mínum fólk á alla föstu liðina í dagskránni alla virka daga vikunnar. Þar er boðið upp á ýmskonar samverustundir, handavinnu, spjall, spil og margt fleira. Það er engin skráning í föstu dagskrárlíðina nema námskeiðin í leir, gleri og bókbandi. Dagskráin öllum opin og hvetjum við fólk til þátttöku. Það er upplagt að byrja að kíkja í kaffírókinn sem er alla morgna kl. 10.30.

Aðal aðstaða félags og tómsundastarfsins er á jarðhæðinni á Skólbraut 3-5 og þangað eru allir velkomnir.

## Til hamingju Gróttu og aðrir seltirningar með nýtt og glæsilegt íþróttahús!

Aðstaða til íþróttaiðkunnar hjá Gróttu hefur sjaldan eða aldrei verið betri. Þetta er búið að vera langt og strangt ferli og kann ég iðkendum, þjálfurum og starfsfólki Gróttu bestu þakkir fyrir sveigjanleika og þolinmæði síðustu misseri. Það er ekki sjálfgefið að framkvæmd sem þessi gangi vel fyrir sig en með sameinuðu átaki allra bæjarbúa hefur þetta gengið vel. Í þétsettum bæjarfélagi er ekki auðvelt að fara í framkvæmdir og skiptir þá engu hvort um er að ræða aukna umferð stórtækra vinnuvéla eða fjármagn sem sett er í verkið.



Sigríður Sigmarsdóttir.

Endurnýjun íþróttamiðstöðvarinnar var umdeild en nauðsynleg. Með samstarfssamningi við Reykjavíkurborg mun byggingin greiðast upp á 20 árum í formi leigugreiðslna frá Reykjavíkurborg. Samstarfssamningurinn var eina leiðin til að verkið yrði að veruleika. Gróttu rekur öfluga fimleikadeild sem tekur bæði við iðkendum á nesinu sem og í Vesturbæ og þörf á góðri fimleikaaðstöðu gríðarleg beggja vegna bæjarmarkna. Þeirri þörf hefur nú verið svarað á skynsamlegan hátt.

Aðstaða handknattleiksdeildar og knattspyrnudeildar batnar einnig með glæsilegum styrktarsal og búningsklefum fyrir meistaraflokkana í handknattleik, bættri aðstöðu fyrir þjálfara og dómara sem og annað starfsfólk.

Öll hönnun og þarfagreining var unnin í fullu samráði við fulltrúa Gróttu. Síðustu ár höfum við hjá ÍTS lagt okkur fram við endurnýjun íþróttamannvirkja. Fyrir 2 árum skiptum við um gervigras á Vivaldi vellinum sem og sparkvöllum í bænum og nú er það íþróttamiðstöðin.

Það eru forréttindi að búa á Seltjarnarnesi með börn. Samtenging skóla og tómsunda, stuttar vegalengdir og nán samskipti bæjarbúa gera það að verkum að hér er öruggt og gott að alast upp.

Að lokum vil ég minna bæjarbúa á átakið Göngum í Skólann þar sem öll grunnskólabörn á Seltjarnarnesi eru hvött til að ganga eða hjóla í og úr skólanum. Höfum augun opin, förum varlega í annríkinu, stoppum bílinn við gangbraut/göngulgjós og verum meðvituð um að börn frá 6 ára aldri eru í umferðinni á sama tíma og við erum „drífa“ okkur.

Sigríður Sigmarsdóttir

Formaður íþrótt- og tómsundanevndar

# Stigateppi

fyrir húsfélög og sameignir

Stigateppi

Hljóðdempanði,  
létt í þrifum og umgengni.

Mælum  
og gerum  
tilboð að  
kostnaðarlausu

**KJARAN**  
SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK  
SÍMI 510 5510  
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8-17

## ÖKUM VARLEGA! Skólarnir eru byrjaðir!





**Foreldrar  
verum samtaka**



# Útivistarreglurnar

**1. september til 1. maí**

---

**12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20**

**13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22**

**1. maí til 1. september**

---

**12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22**


**13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24**

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþróttá- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur  
um forvarnir

**SAMAN**



Ríkislögreglustjórnin



## 4. flokkur kvenna deildarmeistarar



A og B lið 4. flokks kvenna náðu þeim glæsta árangri í ágúst að verða deildarmeistarar í bæði A og B liðum. A-liðið endaði í 1. sæti eftir að hafa unnið alla sína 12 leiki.

Emelía Óskarsdóttir var markahæst í deildinni með 24 mörk, og á eftir henni er Ísabella Sara með 20 mörk, sem er KR megin í liðinu. B-liðið var einnig í 1. sæti með 34 stig eftir 14 leiki. Marín Jóhannsdóttir var þar markahæst með 19 mörk, en hún er KR megin. B-liðið innsiglaði

sigurinn með 6-3 sigri gegn Selfoss/Ham/Æg/KFR á KR-vellinum í gær en A-liðið vann einnig sama lið 3-0 í gær. Það eru fleiri gleðitiðindi innan 4. flokksins en Gróttustelpurnar Lilja Davíðsdóttir Scheving, Lilja Lív Margrétardóttir og Emelía Óskarsdóttir, voru valdar í hóp sem tók þátt í Hæfileikamóti N1 og KSÍ 14. - 15. september.

Knattspyrnudeild Gróttu óskar stelpunum og Bjössa og Ínni innilega til hamingju með þennan frábæra árangur. Áfram Gróttu/KR!



## Gróttu á góðri leið upp í efstu deild

Staða Gróttu er afar góð í að komast upp í efstu deild þegar ein umferð er eftir. Liðið vann Njarðvík, 1-2, og er með þriggja stiga forskot á Leikni í 2. sæti deildarinnar. Gróttu dugir jafntefli gegn Haukum í lokaumferðinni til að komast upp í efstu deild í fyrsta sinn í sögu félagsins.

Atli Geir Gunnarsson kom Njarðvík yfir á 32. mínútu en aðeins mínútum síðar jafnaði Valtýr Már Michaelsson fyrir Gróttu. Pétur Theodór Árnason skoraði svo sigurmark Gróttu á 59. mínútu.

Gróttu leikur gegn Haukum í síðustu umferðinni á heimavelli sínum og fer leikurinn fram laugardaginn 21. sept. kl. 14.00 og eru allir Seltirningar hvattir til að mæta á völinn.

## Fyrsta landsliðskona Gróttu

Stór stund var í vikunni þegar Tinna Brá Magnúsdóttir lék með U15 ára landsliði Íslands á æfingamóti í Víetnam. Ekki bara fyrir Tinnu heldur fyrir knattspyrnudeild Gróttu sem eignaðist þar með sína fyrstu landsliðskonu.

Tinna kom við sögu í öllum þremur leikjum Íslands sem vann tvo leiki á mótinu og gerði eitt jafntefli. Íslensku stelpurnar stóðu því uppi sem sigurvergar og fögnuðu vel eftir góðan 2-0 sigur á Víetnam. Knattspyrnudeild Gróttu er afar hreykin af Tinnu og óskar henni innilega til hamingju.



# 1x2

GETRAUNANÚMER  
GRÓTTU ER  
170



KOMDU MEÐ BÍLINN  
Í TJÓNASKOÐUN

### Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



#### Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



#### Rétting og máling

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stentst ítrustu kröfur.



#### Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnurmt annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinsum á bil.



#### Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



TJÓNAVIÐGERÐIR

Dragháls 6-8  
110 Reykjavík  
sími 567 0690  
netfang tjon@tjon.is  
www.tjon.is



## MEIRI GÆÐI. EKKERT AUKA. 25% AFSLÁTTUR AF ALLRI VIRIDIAN LÍNUNNI



Allskonar safarikir grautar.



Möntruhringir/hálsmen/bönd.



Tunguskafa er 2 x mikilvægari en tannbursti. Litir fyrir alla fjölskylduna.



Jógavörur í úrvali.



Vertu glöð/glaður í vetur.



Vara ársins hjá Viridian. Törfaolían.



Þar sem andinn býr í efninu.



Haustlitirnir frá Nailberry eru vegan og vænir.



Afgreiðslutími:  
Mán: 10-16  
Þri-fös: 10-18  
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367

### Húsfélagþjónusta Eignaumsjón leiðandi í 17 ár

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ Mínar síður
- ✓ Húsbók þjónustusaga húss
- ✓ Auk annarrar þjónustu

• EIGNAUMSJÓN [www.eignaumsjon.is](http://www.eignaumsjon.is)

## SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins er Pétur Rögnvaldsson, aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna hjá Gróttu sem tryggði sér á dögnum sæti í Inkasso-deildinni. Pétur, sem er 25 ára gamall, hefur þjálfað í yngri flokkum Gróttu við góðan orðstír síðustu 5 ár en þetta var hans fyrsta tímabil sem meistaraflokksþjálfari. Fyrr á árinu útskrifaðist Pétur með B.Sc gráðu í verkfræði og UEFA-B þjálfaragráðu.



**Fullt nafn?** Pétur Rögnvaldsson.

**Fæðingard. og ár?** 7. október 1993.

**Starf?** Ég vinn hjá Lifeyrissjóði Verzlunnarmanna ásamt því að þjálfja hjá Knattspyrnudeild Gróttu.

**Farartæki?** Toyota Yaris, blár, mjög sætur.

**Helstu kostir?** Metnaðarfullur og samvirkusamur.

**Eftirlætis matur?** Það er svo unglíngaveikt að segja Domino's, en það er því miður þannig.

**Eftirlætis tónlist?** Ótrúlega fjölbreytt, allt frá 50 Cent yfir í One Direction.

**Eftirlætis íþróttamaður?** LeBron James.

**Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?** Ég horfi mikið á þætti um íþróttir. Seinni Bylgjuna, Domino's körfubolta kvöld og RedZone á öllum sunnudögum. Þess á milli rúlla ég í gegnum Brooklyn Nine Nine á Netflix.

**Besta bók sem þú hefur lesið?** Þær eru nú ekki margar sem ég hef klárað, en ég hef þó lesið allar Harry Potter bækurnar. Hafði gaman af þeim.

**Uppáhalds leikari?** Nanna Kristín Magnúsdóttir.

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?** Langbesta kvikmynd sem ég hef séð er The Longest Yard.

**Hvað gerir þú í frístundum þínum?** Frístundirnar hafa ekki verið margar uppá síðkastið, en þegar tækifæri gefst þá reyni ég að stimpla mig út úr íþróttunum og hafa það huggulegt með fjölskyldunni.

**Fallegasti staður sem þú hefur komið á?** Ég fór með Alberti mínum til Vernazza á Ítalíu. Þar var ótrúlega fallegt.

**Hvað metur þú mest í fari annarra?** Flestir af mínum vinum eru mjög hlýir og umhyggjusamir. Þess vegna eru þeir vinir mínir.

**Hvern vildir þú helst hitta?** Væri til í að spjalla við LeBron James yfir kaffibolla.

**Uppáhalds vefsíða?**

Wolframalpha.com er eina síðan sem ég er með vistaða í tölvunni.

**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?** Mjúkan pakka.

**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti?** Það þarf að fara að endurnýja bílinn. Þannig hluti af þessu færi klárlega í það. Svo myndi ég nú reyna að vera skynsamur með afganginn. Útgjöldin fara hækkandi á heimilinu á komandi vikum og mánuðum.

**Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?** Ég hef nú þegar borið það undir Kára Garðars að útbúa stytta af Viggó í anddyrið á nýja íþróttahúsinu okkar. Hann ætlaði að skoða það. Ætli ég myndi ekki keyra þá hugmynd í gegn.

**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?** Rækta samband mitt við vini og vandamenn og reyna að vera besta útgáfan af sjálfum mér fyrir litlu fjölskylduna mína. Þá held ég að allt annað smelli.

**Hvað gerðir þú í sumarfríinu?** Þjálfarar á Íslandi eru nú sjaldnast í frí á sumrin. En ég þræddi landið með meistaraflokki Gróttu. Við spiluðum á Egilsstöðum, Akureyri, Húsavík og á Höfn og fórum auk þess í vel heppnaða æfingaferð til Svíþjóðar.



[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)



NIVEA

SÉRSTAKLEGA  
ÞRÓAÐ FYRIR  
VIÐKVÆMA HÚÐ

## Q10 POWER

FYRIR VIÐKVÆMA HÚÐ

- FYRIR SLÉTTARI OG HELBRIGÐARI HÚÐ
- 100% ILMEFNALAUST
- GEFUR MIKINN RAKA

